



370 Sjúkrakostnaðartrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

1. Hugtök og þeir sem eru váttryggðir.

- 1.1 Í váttryggingarskilmálum þessum eru hugtökin félagið (TM tryggingar hf.), váttryggingartaki og váttryggður notuð í sömu merkingu og í l. hluta laga um váttryggingarsamninga, sbr. (samanber) 2. gr. (grein) laganna.
- 1.2 Váttrygging þessi gildir fyrir þá einstaklinga sem skráðir eru á skirteinið.

2. Váttryggingartímabil.

- 2.1 Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem váttryggður nýtur ekki verndar sjúkratrygginga almannatrygginga, sbr. lög nr. (númer) 117/1993. Ábyrgð félagsins hefst þegar því hafa borist fullnægjandi heilsufarsupplýsingar sem gera því kleift að samþykkja váttrygginguna og iðgjald hefur verið greitt, sbr. 3. gr. Váttryggingunni lýkur þegar váttryggður öðlast aðild að sjúkratryggingum almannatrygginga, en þó í síðasta lagi á miðnætti skráðs lokadags á váttryggingarskirteininu.
- 2.2 Váttryggingin endurnýjast ekki.

3. Greiðsla iðgjalds.

- 3.1 Iðgjaldið skal greitt áður en váttryggingin tekur gildi, en greiðsla iðgjaldsins er skilyrði þess að ábyrgð félagsins hefjist.
- 3.2 Iðgjaldið telst ógreitt hafi váttryggingartaki ekki greitt það að fullu eða samið sérstaklega við félagið um greiðslu þess áður en váttryggingin skal taka gildi skv. (samkvæmt) 2. gr.
- 3.3 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

4. Landfræðileg mörk.

- 4.1 Váttryggingin gildir á Íslandi.

5. Gildissvið váttryggingarinnar.

- 5.1 Váttryggingin nær til kostnaðar sem tilgreindur er í staflíðum a til h hér að neðan í samræmi við viðeigandi lagaákvæði almannatryggingalaga nr. 117/1993. Váttryggingarverndin er ekki í neinum tilvikum víðtækari en lögin kveða á um en er háð takmörkunum sem fram koma á skirteini eða í váttryggingaskilmálum þessum. Kostnaðarreikningar umfram viðmiðunargjaldskrár Tryggingastofnunar ríkisins eru ekki greiddir úr váttryggingunni. Allar tilvitnanir hér að neðan í lagagreinum eiga við almannatryggingalögin:
 - a) Kostnaður við sjúkrahúsvist að ráði læknis, sbr. 34. gr., þó ekki á heilsuhælum, nema vegna afleiðinga sjúkdóms eða slyss sem upphaf á og er innan váttryggingartímabilsins, né á fæðingarstofnunum.
 - b) Kostnaður við vistun í erlendu sjúkrahúsi, sbr. 35. gr. Sjúkrahúsvist skal ákvörðuð í samráði við félagið. Sé um bráðatilfelli að ræða og ekki náist til félagsins skal ákvörðun um sjúkrahúsvist vera í samræmi við venjur og reglur Tryggingastofnunar ríkisins. Í þeim tilvikum skal félaginu kynnt ráðstöfunin eigi síðar en í upphafi næsta starfsdags.
 - c) Kostnaður við almenna læknishjálpið utan sjúkrahúsa, sbr. a-lið 36. gr.
 - d) Kostnaður við nauðsynlegar rannsóknir og meðferð hjá sérfræðingum eða stofnunum, sbr. b-lið 36. gr.
 - e) Kostnaður við lyf sem váttryggðum er lífsnauðsynlegt að nota að staðaldri auk annars nauðsynlegs lyfjakostnaðar, sbr. c-lið 36. gr.
 - f) Kostnaður vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar læknis til váttryggðs og flutningskostnaðar váttryggðs í sjúkrahús.
 - g) Kostnaður vegna hjúkrunar í heimahúsum vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma eða slysa sem eru innan bótasviðs váttryggingarinnar enda komi heimalega í stað sjúkrahúsvistar. Tilvísun til j-liðar 36. gr.
 - h) Kostnaður sem hlýst af því að váttryggðum er nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis. Þessi kostnaður greiðist eingöngu skv. 1. mgr. (málgrein) 40. gr.



370 Sjúkrakostnaðartrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

6. Eigin áhætta.

- 6.1 Vátryggður ber eigin áhættu sem er kr. (krónur) 50.000.- vegna samanlagðs kostnaðar þeirra bótaþátta sem eru innan vátryggingarsviðs vátryggingarinnar. Fjárhæð eigin áhættu er sú fjárhæð sem vátryggður skal bera á vátryggingartímabilinu umfram lögmæta þátttöku sjúklings í sjúkrakostnaði eins og hún kann að verða ákveðin hverju sinni samkvæmt lögum eða reglugerð.

7. Takmarkanir á bótaskyldu.

- 7.1 Félagið greiðir ekki kostnað:
- sem er bótaskyldur samkvæmt lögum um almannatryggingar eða reglugerðum settum samkvæmt þeim,
 - vegna slyss sem orðið hefur áður en vátrygging þessi tók gildi, nema að félaginu hafi verið kunnugt um það,
 - vegna sjúkdóms sem fyrst hafði sýnt einkenni áður en vátrygging þessi tók gildi, nema að félaginu hafi verið kunnugt um það,
 - vegna tannlækninga eða lýtalækninga, nema um sé að ræða nauðsynlegar bráðaaðgerðir vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms,
 - sem verður vegna meðgöngu, fæðingarhjálpur eða sjúkdóma sem rekja má til meðgöngu eða fósturláts,
 - vegna sjúkdóms eða slyss sem rót á að rekja til neyslu áfengis, ávana- eða fíkniefna,
 - vegna áframhaldandi meðferðar á sjúkrahúsi erlendis ef vátryggður neitar að láta flytja sig heim að ráði læknis þess sem hann hefur stundað og/eða trúnaðarlæknis félagsins,
 - vegna ryskinga eða þátttöku í refsiverðum verknaði,
 - vegna slysa sem verða í keppni í hvers konar íþróttum,
 - vegna slysa er verða í hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, drekaflugi, fjallaklifri, bjargsigi, fallhlífarstökki, sviðflugi, listflugi, einkaflugi eða annarri álíka tómsundaiðkun eða keppni sem sérstök áhætta fylgir, nema sérstaklega hafi verið um það samið að nánar tilgreind áhætta sé innifalin í vátryggingunni gegn viðbótariðgjaldi,
 - vegna slyss eða sjúkdóms sem beint eða óbeint verður af völdum stríðs, óeirða, uppbota, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða,
 - vegna slyss eða sjúkdóms sem beint eða óbeint verður af völdum kjarnorku, jónandi geislunar, geislavirkra efna, jarðskjálfta eða eldgoss svo og annarra náttúruhamfara,
 - vegna tjóns vegna hvers konar líffræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. (þar með talið) vegna sýkla og veira, af völdum hryðjuverka,
 - vegna hvers hvers konar tjóns, beins eða óbeins, sem rekja má til asbests.
 - vegna sjúkdóms sem rekja má til SARS-CoV-2 kórónaveiru.

8. Svik og rangar upplýsingar.

- 8.1 Hafi vátryggingartaki eða vátryggður við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og vátryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 20. gr. vátryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur rétt til að segja vátryggingunni upp, sbr. 21. gr. laganna.
- 8.2 Veiti sá er hyggst krefja félagið bóta rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan eins og nánar greinir í 47. gr. vátryggingarsamningalaga.

9. Tilkygning um tjón.

- 9.1 Þegar tjón er orðið skal vátryggður tafarlaust tilkynna félaginu um atvikið. Vanræksla á skyldum vátryggðs getur varðað lækkun eða missi bóta samkvæmt lögum um vátryggingarsamninga.



370 Sjúkrakostnaðartrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

10. Greiðsla bóta og vextir.

10.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta vátryggingarburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Vátryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. vátryggingarsamningalaga.

11. Lög um vátryggingarsamninga.

11.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, vátryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

12. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

- 12.1 Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum.
- 12.2 Ágreiningi varðandi vátryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 12.3 Þrátt fyrir úrræði 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af vátryggingunni á heimilisvarnarþingi vátryggingartaka.
- 12.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til vátryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppfléttingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við vátryggingarsvikum og ofgreiðslu vátryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund vátryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins vátryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 25. maí 2020.